

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 38/97
frá 27. júní 1997**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/94 frá 7. júní 1994⁽¹⁾.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til þriðju áætlunarinnar til margra ára um lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópusambandinu (1997 til 2000) (ákvörðun ráðsins 97/15/EB)⁽²⁾.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að gera ráð fyrir að þessi aukna samvinna hefjist 1. janúar 1997.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður komi aftan við 5. mgr. 7. gr. í bókun 31 við samninginn á eftir fyrsta undirlið (ákvörðun ráðsins 93/379/EBE):

„- **397 D 0015:** Ákvörðun ráðsins 97/15/EB frá 9. desember 1996 um þriðju áætlunina til margra ára um lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópusambandinu (1997 til 2000) (Stjtið. EB nr. L 6, 10. 1. 1997, bls. 25).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 198, 30. 7. 1994, bls. 142 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 30. 7. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 6, 10. 1. 1997, bls. 25.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1997.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner